

Niðurstaða ábyrgðarnefndar

Framkvæmd launleiðréttingar

skv. fylgiskjali 3 í kjarasamningi Kennarasambands Íslands (KÍ) vegna Félags leikskólakennara (FL) og SNS frá 20. ágúst 2011

Inngangur

Í tengslum við gerð kjarasamnings milli KÍ vegna FL og samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga SNS sem undirritaður var 20. ágúst 2011 og gildir til ársins 2014 lagði ríkissáttasemjari fram óformlega sáttatillögu sem fól í sér að láta fara fram endurskoðun á kjörum leikskólakennara á samningstímanum með það að markmiði að jafna með ákveðnum launleiðréttingum grunnlaun og starfskjör FL og annarra háskólamenntaðra starfsmanna sem sinna sambærilegum störfum. Þessi tillaga var lögð fram til að freista þess að leysa erfiða kjaradeilu þar sem boðað verkfall FL var yfirvofandi. Tillagan sem var samþykkt af samningsaðilum varð síðan efni fylgiskjals 3 með kjarasamningni KÍ og SNS sem samþykktur var í almennri atkvæðagreiðslu FL þ. 6. september 2011.

Í fylgiskjali 3 eru markmið, undirbúningur og aðgerðir sem og tímasetningar launleiðréttinga tilgreind. Var starfshópi beggja samningsaðila falið að afla gagna og vinna samanburð á launum og kjörum samanburðahópanna í samræmi við ákvæði fylgiskjalsins. Í 3. gr. fylgiskjals 3 er gert ráð fyrir að starfshópurinn skili niðurstöðum sínum til samstarfsnefndar aðila og svokallaðrar ábyrgðarnefndar, sem ber ábyrgð á framkvæmd fylgiskjalsins. Í sömu grein er einnig að finna ákvæði um að komi upp ágreiningur innan hópsins skuli ábyrgðarnefndin skera úr þeim ágreiningi.

Samkvæmt fylgiskjali 3 var skipan ábyrgðarnefndarinnar ákveðin þannig að í henni eiga sæti Karl Björnsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, Björg Bjarnadóttir varaformaður Kennarasambands Íslands og Magnús Jónsson fyrrverandi veðurstofustjóri tilnefndur af ríkissáttasemjara. Var hann á fyrsta fundi nefndarinnar valinn til að gegna formensku í ábyrgðarnefndinni.

Starfshópur FL og SNS hóf störf sl. haust og vann að gagnaöflun og úrvinnslu sem átti skv. fylgiskjali 3 að vera lokið í apríl 2012. Fyrir maílok 2012 var síðan áætlað að ákvörðun um launleiðréttingu lægi fyrir. Þann 1. júní sl. vísaði FL málinu til ábyrgðarnefndarinnar til ákvörðunar og úrlausnar þar sem hvorki náðist samstaða í starfshópnum um gagnaúrvinnslu, samanburð gagna og aðferðir við framkvæmd launleiðréttingar. Greinargerðir samningsaðila bárust nefndinni síðan þ. 9. júní (FL) og þ. 19. júní (SNS).

Ábyrgðarnefndin tók málið fyrir á fundi sínum 20. júní. Þar var ákveðið að fá með formlegum hætti fullt og óskorað umboð samningsaðila til handa nefndinni til að taka ákvarðir og að niðurstöðu nefndarinnar yrði unað. Óskaði nefndin eftir slíku umboði 21. júní. Eftirfarandi tölvuskeyti barst samdægurs frá formanni FL:

„Hér með staðfestist að Félag leikskólakennara veitir ábyrgðarnefndinni umboð til að leysa úr ágreiningi um efni launleiðréttingarinnar samkvæmt leiðbeiningum fylgiskjals 3. Mun Félag leikskólakennara una niðurstöðu nefndarinnar.“

Haraldur F Gíslason, formaður Félags leikskólakennara“

Sama dag barst einnig eftirfarandi tölvupóstur frá formanni SNS:

„Fyrir hönd samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfesti ég hér með að nefndin er sátt við þetta fyrirkomulag og mun una niðurstöðu ábyrgðarnefndarinnar varðandi launaleiðréttinguna.

Með kveðju,

Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri kjarasviðs. “

Þann 28. júní komu fulltrúar beggja samningsaðila, þ.e. fulltrúar þeirra í fyrrnefndum starfshópi á fund ábyrgðarnefndarinnar, og gerðu grein fyrir sjónarmiðum sínum, áherslum og útreikningum.

Reifing málsins

Í 1. lið fylgiskjals 3, Markmið segir orðrätt:

„Samningsaðilar ákveða að láta fara fram endurskoðun á kjörum leikskólakennara, sem hefur að markmiði að jafna grunnlaun og starfskjör þeirra við kjör annarra háskólamenntaðra starfsmanna er sinna sambærilegum störfum. Þannig verði laun og önnur kjör leikskólakennara samkeppnisfær við kjör samanburðarhópa. “

Í 2. lið Aðgerðir sama skjals í lið 2.3 Launaleiðrétting segir orðrätt:

„a) Fyrsta skref launaleiðréttingar felur í sér 2,5% hækkun sem reiknuð hefur verið inn í launatöflu 1, sem gildir frá 1. júní 2011 til 29. febrúar 2012.

b) Síðara skref launaleiðréttingar verður í þrem jöfnum hlutum og byggir á niðurstöðum ofangreindra athugana:

- Fyrsti hluti er hlutfallshækkun launatöflu 1. september 2012.

- Annar hluti er ennfremur hlutfallshækkun launatöflu 1. september 2013.

- Þriðji hluti leiðréttingar er gerður fjórum mánuðum eftir gildistöku nýs kjarasamnings aðila árið 2014. “

Hér eru „ofangreindar athuganir“ skilgreindar í gr. 2.1 í fylgiskjali 3 sem fjallar um greiningu og samanburð kjarasamninga sem samningsaðilum var ætlað að vinna saman í fyrrnefndum starfshópi og komast að sameiginlegri niðurstöðu um. Um þær varð hins vegar ekki sátt innan starfshópsins eins og áður hefur komið fram. Voru ágreiningsefnið einkum bundin við úrtak á samanburðarhópum og starfsheitum, launamyndunarþætti, samanburð á starfskjörum og loks á innihaldi og formi launaleiðréttingar.

Rétt er að hafa í huga að innihald fylgiskjals 3 með kjarasamningi FL og SNS byggðist á langvinnri umræðu milli aðila um að tiltekinn launamunur væri á milli leikskólakennara og grunnskólakennara. Þá lágu ekki fyrir sundurliðuð gögn um þennan mun, hvorki um samanburð milli kennarafélaganna eða FL og annarra félaga háskólamenntaðra starfsmanna né heldur hvort hann væri mismikill milli sambærilegra starfsheita. Í samningaviðræðunum vantaði því nokkuð upp á að öll gögn væru til staðar til að hægt væri að greina kröfur FL og þar með forsendur þeirrar framkvæmdar á launaleiðréttingu sem kveðið var á um í fylgiskjali 3. Hins vegar kom ítrekað fram að helsta markmið FL væri að jafna grunnlaun og starfskjör þessara tveggja kennarastétta. SNS lagði hins vegar áherslu á að einnig ætti að taka mið af kjörum annarra



háskólamenntaðra starfsmanna sem vinna hliðstæð störf og kennarar á vegum sveitarfélaganna. Á grundvelli þessara almennu upplýsinga og umræðu var gert ráð fyrir að fyrstu tveir hlutar í síðara skrefi launaleiðréttingarinnar (þ.e. 1. sept. 2012 og 1. sept. 2013) yrðu hlutfallsleg hækkun á launatöflu en þriðji hlutinn sem kæmi til framkvæmda á árinu 2014 yrði bundinn við leiðréttingu á launum eftir starfsheitum.

Við sameiginlega úrvinnslu gagna hjá starfshópi FL of SNS kom fram að talsverður munur er á því hvort borin eru saman grunnlaun grunnskólakennara og leikskólakennara annars vegar eða grunnlaun herra launaðra starfsheita innan félaganna (t.d. deildarstjórar FL og umsjónarkennarar FG) hins vegar. Einnig kom fram að allmikill breytileiki er í hinum ýmsu launamyndunarþáttum og yfirvinnuhlutfalli hjá BHM-hópum sem gerir allan samanburð um heildarkjör við FL erfiðan. Í sömu úrvinnslu kemur fram að skv. launagögnum SNS eru dagvinnulaun félaga í FG 5,7-7,6% hærri en hjá félögum í FL og liggur munurinn í því hvernig gagnasafnið er skilgreint (án eða með aðstoðarleikskólakennurum, leikskólaleiðbeinendum og leiðbeinendum í grunnskóla). Í launagögnum Hagstofunnar mælist þessi munur ívið meiri, en þar er gagnasafnið minna og miðast við október 2011 á meðan launagögn SNS miðast við mars 2011 Þegar FL og BHM-félögin eru borin saman kemur fram að meðaldagvinnulaun félaga í FL eru 1,0-3,2% hærri en hjá samanburðarhópum innan BHM með 180 ECTS-einingar. Hér verður þó að koma fram að samanburður við BHM-félögin er mun erfiðari en þegar um kennarafélögin er að ræða og að um þennan samanburð við BHM-félögin er ágreiningur milli samningsaðila um hvaða starfsheiti eigi að vera í samanburðinum.

Ágreiningur er einnig milli aðila um skilgreiningu starfskjara. FL hefur í málflutningi sínum lagt áherslu á jöfnun starfskjara leikskólakennara og samanburðarhópanna, einkum gagnvart grunnskólakennurum. Greiðslur fyrir forfallakennslu, gæslu nemenda í frímínútum og matartíma eru þættir sem sérstaklega eru nefndir. Þá hefur FL sagt halla á félagsmenn sína þegar um er að ræða greiðslur fyrir yfirvinnu vegna undirbúningsvinnu kennara sem ekki tekst að vinna innan dagvinnnumarka. SNS hefur á hinn bóginn talið að annað hvort séu þessir þættir ekki samanburðarhæfir hjá grunnskólakennurum og leikskólakennurum vegna ólíkrar skilgreiningar á vinnutíma eða að ekki eigi að taka á þessum þáttum í kjarasamningum. Því telji SNS ekki ástæðu til að skoða þessi atriði sérstaklega á þessum vettvangi. Þessi afstaða leysir hins vegar ekki þann ágreining sem uppi er milli samningsaðila og mun að öllum líkindum hafa neikvæð áhrif á kjaraviðræður aðila við gerð næsta kjarasamnings.

Niðurstaða ábyrgðarnefndar

Á fundum ábyrgðarnefndar hafa komið fram ólík sjónarmið fulltrúa Kennarasambands Íslands í nefndinni annars vegar og fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga hins vegar. Þótt samkomulag sé milli þeirra um að meginmarkmið leiðréttingarinnar sé að jafna kjör kennarahópanna telur fulltrúi KÍ óhjákvæmilegt að fara að ákvæðum í fylgiskjali 3 um að í leiðréttingum 2012 og 2013 verði hlutfallshækkun á launatöflu FL. Ástæða þess er að fylgiskjalið var kynnt ítarlega fyrir félögum FL og það lá m.a. til grundvallar við atkvæðagreiðslu um kjarasamninginn. Fulltrúi SÍS telur hlutfallshækkanir á launatöflu einar og sér stríða gegn fyrrnefndu meginmarkmiði fylgiskjalsins. Telur hann að jöfnun kjara kennarahópanna verði ekki framkvæmd með flatrí hækkun á launatöflu eingöngu heldur verði að beita öðrum aðferðum. Auk þess verði að taka að hluta tillit til annarra hópa innan BHM-félaga sem vinna hliðstæð störf og félagar í FL.

Ábyrgðarnefndinni var falið það hlutverk að tryggja framkvæmd á ákvæðum í fylgiskjali 3. Samningsaðilar, þ.e. formenn samninganefnda FL og SNS, hafa veitt nefndinni óskorað og ótvírætt umboð til þess og lýst því yfir að þeir muni una niðurstöðu hennar. Með vísan til þeirra ólíku sjónarmiða sem eru milli fulltrúa Kennarasambands Íslands og Sambands ísl. sveitarfélaga í nefndinni og rakin hafa verið hér að framan fólu þeir formanni nefndarinnar að leggja fram tillögu að niðurstöðu sem þeir myndu lúta og ekki yrði um frekari eftirmála að ræða af þeirra hendi né samningsaðila. Eftirfarandi tillaga formanns til niðurstöðu ábyrgðarnefndarinnar í liðum I-IV var því lögð fram á fundi hennar þ. 23. ágúst 2012:

I Þann 1. september 2012 komi eftirfarandi breytingar til framkvæmda:

- a) Launatafla hækkar um 0,8%
- b) Starfsheitin leikskólakennari og leikskólasérkennari hækka um tvo launaflokka og aðstoðarleikskólakennari, leikskólaleiðbeinandi A, leikskólaleiðbeinandi B, sérkennari A, sérkennari B og aðstoðarleikskólakennari með deildarstjórn um einn launaflokk.

II Þann 1. september 2013 komi eftirfarandi breytingar til framkvæmda:

- a) Launatafla hækkar um 0,7%
- b) Byrjunarlaun allra starfsheita fylgiskjals 2 í kjarasamningi FL og SNS hækka um tvo launaflokka.
- c) Málsliðurinn í gr. 10.2.2 í kjarasamningi aðila „eftir 1 árs starf sem leikskólakennari um tvo launaflokka,“ fellur niður.
- d) Grein 10.2.2 viðkomandi kjarasamnings verði svohljóðandi:
„Til að stuðla að starfsþróun leikskólakennara hækkar röðun í launaflokka vegna þátttöku í starfsþróunaráætlun leikskóla/stofnunar með eftirfarandi hætti:
 - *eftir 5 ára starf sem leikskólakennari um tvo launaflokka til viðbótar,*
 - *eftir 9 ára starf sem leikskólakennari um tvo launaflokka til viðbótar,*
 - *eftir 15 ára starf sem leikskólakennari um tvo launaflokka til viðbótar,*

Heimilt er að meta sambærilega starfsreynslu starfsmanns eftir háskólanám við ákvörðun starfsaldurs skv. þessari grein og gildir það einnig um starfsreynslu leikskólakennara erlendis enda liggi fyrir staðfesting þar um.

Ávinnsla starfsaldurs í launuðu námsleyfi er jöfn lengd námsleyfis.

Skilyrði fyrir launaflokkahækkunum samkvæmt þessari grein er að starfsmaður sé ráðinn í fast starfshlutfall.“

III Lokaleiðrétting haustið 2014:

Ábyrgðarnefndin skoðaði hvort hægt væri nú að meta leiðréttingarþörf í síðasta skrefi aðgerða til launajöfnunar eins og það er skilgreint í fylgiskjali 3 og koma á til framkvæmda fjórum mánuðum eftir gildistöku nýs kjarasamnings aðila árið 2014. Þar er gert ráð fyrir að bera aftur saman kjör leikskólakennara og samanburðarhópanna og kanna hvort launamunur sé til staðar milli viðurkenndra starfsheita. Í ljósi þess að ekki er samkomulag um forsendur og aðferðir við samanburðinn innan starfshópsins telur ábyrgðarnefndin ekki mögulegt á þessu stigi að leggja mat á hversu mikil slík leiðrétting þurfi að verða.


IV Sértek starfskjör:

Í þeirri samanburðarvinnu sem fram fór í starfshópi samningsaðila voru launamyndunarþættir aðalumfjöllunarefnið. Samningsaðilar voru ekki sammála um hvort fjalla ætti um og meta mismun á starfskjörum kennarahópanna til launa. FL vísar í markmiðstexta fylgiskjalsins þar sem segir; „... að jafna grunnlaun og starfskjör“ og hefur bent á nokkra þætti í því sambandi. SNS leggur þann skilning í hugtakið starfskjör að það eigi eingöngu við um þá þætti sem ákvarða dagvinnulaun, s.s. lífaldur, starfsaldur og viðbótarmenntun. Þetta undirstrikar að mikilvægt er að leiða þessa deilu til lykta á samningstímanum. Ábyrgðarnefndin telur að samningsaðilum beri, áður en þriðji hluti launaleiðréttingar kemur til framkvæmda, að skilgreina hvaða starfskjör hafi áhrif á launakjör og hvað hægt verði að jafna, þannig að það verði hluti af leiðréttingunni. Samningsaðilar skulu ljúka þessari vinnu á samningstímanum þannig að í þriðja hluta leiðréttingarinnar 2014 verði mið tekið af þessum þáttum. Í þessu sambandi er sérstaklega bent á yfirvinnu, matartíma og fleira.


*

Í samræmi við ákvarðanir nefndarinnar um meðferð málsins er tillagan hér að framan samþykkt með atkvæði formanns en fulltrúar samningsaðila sitja hjá.

Reykjavík 23. ágúst 2012


Björg Bjarnadóttir


Magnús Jónsson formaður


Karl Björnsson

